

Afrekssjóður Hvalfjarðarsveitar

Sjóðurinn heitir Afrekssjóður Hvalfjarðarsveitar og er hann í umsjá Velferðar- og fræðsludeildar.

1. gr. Markmið

- a) Afreksstyrkir eru ætlaðir til þess að styðja við bakið á afreksfólki sem á lögheimili í Hvalfjarðarsveit.
- b) Umsækjandi þarf að hafa skarað fram úr og/eða hafa fengið viðurkenningu fyrir störf/afrek sín á sviði íþróttar.
- c) Afrekssjóður veitir styrki vegna þátttöku í fjölþjóðlegum mótum, sýningum erlendis og ferðastyrk vegna íþróttar.

3.gr. Umsókn og fylgigögn

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn:

- a) Kynning á umsækjanda.
- b) Yfirlit og staðfesting á afrekum/viðurkenningum.
- c) Staðfesting á þátttöku.
- d) Kvittanir vegna útlagðs kostnaðar.

Umsóknir skulu berast Velferðar- og fræðsludeild fyrir 1. júní ár hvert. Umsóknareyðublað er á heimasíðu Hvalfjarðarsveitar. Berist ekki umsóknir fyrir 1. júní verður umsóknarfrestur lengdur til 15. nóvember ár hvert.

4. gr. Tekjur sjóðsins

Árlegt framlag sjóðsins er samkvæmt fjárhagsáætlun ár hvert.

Samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 11.02.2026
Samþykkt af Velferðar- og fræðsludeild Hvalfjarðarsveitar 05.02.2026